

1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Garðahrepp í Gullbringusýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

### 1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 50.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 100.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júní 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um nám og starfsréttindi lyfjatekna.

### I. KAFLI

Markmið og stjórn lyfjateknaskóla.

#### 1. gr.

Ríkið rekur skóla í samvinnu við Apótekarafélag Íslands. Skólinn heitir Lyfjateknaskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn heilbrigðisráðuneytisins.

#### 2. gr.

Hlutverk skólans er að tæknimennta aðstoðarfólk við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu.

#### 3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar stjórn skólans, þannig: Einn fulltrúa tilnefndan af Apótekarafélagi Íslands, einn tilnefndan af Lyfjafræðingafélagi Íslands, einn án tilnefningar, og skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og einn tilnefndan af félagi lyfjatekna. Skólastjórnin skal skipuð til þriggja ára.

Ráðherra skipar formann skólastjórnar, en skólastjórn setur sér starfsreglur. Á fundum ræður afl atkvæða, en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

**4. gr.**

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera lyfjafraeðingur starfandi í lyfjabúð eða lyfjagerð. Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn. Skólastjóri skal sitja fundi skólastjórnar og hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

**II. KAFLI****Inntökuskilyrði.****5. gr.**

Umsækjandi um skólavist skal ekki vera yngri en 17 ára. Umsækjandi skal hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi. Umsækjandi, sem hlotið hefur frekari menntun skal að öðru jöfnu ganga fyrir um skólavist.

**6. gr.**

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra.

Þeim skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Almennt læknisvottorð.
3. Vottorð samkvæmt 37. gr. lyfsölulaga (berklaskoðun).
4. Sakavottorð.
5. Meðmæli (vinnuveitenda og/eða skólastjóra).

**III. KAFLI****Nám.****7. gr.**

Námstími skólans skal vera 3 ár, þar með talin sumarleyfi. Þó er skólastjórn heimilt að stytta námstímamann um allt að sex mánuði í einstökum tilvikum.

**8. gr.**

Inntaka nema fer fram í júní og september og skal auglýst með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Umsóknir skulu sendast skólastjóra, sem leggur þær fyrir skólafraeðingum til ákvörðunar.

**9. gr.**

Gera skal námssamning í formi sem sýnt er í fylgiskjali I með reglugerð þessari. Fyrstu sex mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími og getur hvor aðili um sig sagt upp námssamningi með 7 daga fyrirvara.

Námið er hæði bóklegt og verklegt. Verklega námið fer fram í lyfjabúðum, en hluti þess getur þó farið fram í lyfjagerðum. Bóklegt nám fer fram á námskeiðum samhliða verknámi; tvo vetur, 200 tíma að minnsta kosti hvorn vetur.

**Námsefni.****10. gr.**

Við upphaf hvers námstímabils skal neminn sækja undirbúningsnámskeið, minnst 28 stundir. Á námskeiðinu skal gefið yfirlit yfir sögu lyfjafraeðinnar; stöðu og hlutverk lyfjabúðarinnar í samfélaginu; lyfjalöggjöf, sérstaklega með tilliti til lyfjatækna, hlutverks þeirra og skyldna; umgengnisvenjur og afgreiðsluhætti í lyfjabúðum; gerð lyfseðla og lestur þeirra. Enn fremur upprifjun í íslenzku og reikningi og yfirlit í líffræði, eðlis- og efnafræði.

Á hinu bóklega námskeiði skal fara fram kennsla í eftirfarandi greinum:

1. **Heilbrigðis- og hreinlætishættir.**  
Smáverugróður, smitleiðir, persónuhreinlæti, hreinlæti á vinnustað, smitgát og sæfing.
2. **Lyfjalöggjöf.**  
Ákvæði lyfsölulaga, reglugerða, lyfjaskrár, sömuleiðis lög um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðir þeim tilheyrandi.
3. **Lyfjaverðlagning.**  
Verðlagning lyfja eftir lyfjaverðskrá I og II, sömuleiðis lausasöluverðlagning. Mál og vog, upprifjun í almennum reikningi og verzlunarreikningi.
4. **Eyðublaðatækni og færsla fyrir skipaðra bóka.**
5. **Almenn lyfjafræði.**  
Þekking á lyfjaformum og gerð þeirra og starfshættir við lyfjagerð.
6. **Lyfjaþekking.**  
Notkun lausasölu-lyfja, geymsla og meðferð lyfja almennt, þekking á alþýðuheitum, vöruþekking.
7. **Eiturefni og hættuleg efni.**  
Vöruþekking, geymsla og meðferð.
8. **Hjúkrunarvörur og sjúkragögn.**  
Þekking á gerð og notkun þeirra. Frumatriði í skyndihjálpi.
9. **Afgreiðslutækni.**  
Afgreiðsla viðskiptavina.
10. Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, fræðslukvikmyndir, námsferðalög o. fl.

#### Verknám.

##### 11. gr.

Verknáminu skal þannig hagað að neminn kynnist af eigin raun öllum starfs sviðum lyfjabúða og lyfjagerða.

Á námstímanum skal neminn starfa a. m. k. 9 mánuði, að afgreiðslustörfum, 2 mánuði að glasþvotti, áfyllingum og birgðastörfum, 9 mánuði að afgreiðslu lyfseðla og 6 mánuði að lyfjagerð. Einnig skal neminn taka þátt í færslu fyrirskipaðra bóka eftir því sem við á.

#### IV. KAFLI

##### Próf og einkunnir.

##### 12. gr.

Lokapróf skulu haldin í maímánuði, sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt próf í vöruþekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hreinlætisháttum, almennri lyfjafræði og lyfjaþekkingu.
4. Skriflegt próf í lyfjalöggjöf, lyfjaverðlagningu, eyðublaðatækni og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna fjögurra ofanefndra prófa.

## V. KAFLI

## Laun og kjör nema.

## 13. gr.

Laun nema skulu fyrsta árið vera 50% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks í lyfjabúðum, skv. 2. lið 1. gr. samnings Apótekarafélags Íslands við Landsamband íslenskra verzlunarmanna, annað árið 60% og þriðja 75%.

## 14. gr.

Nema ber að leggja fram læknisvottorð trúnaðarlæknis lyfsala vegna fjarvista, ef þess er krafizt. Nemi skal sækja að minnsta kosti 80% kennslustunda hins bóklega náms, nema sjúkdómsforföll hamli. Styttri sjúkdómsforföll skal telja með náms-tíma, þó ekki lengri en 30 daga hvert námsár.

Sumarleyfi skulu vera í samræmi við lög um orlof.

## VI. KAFLI

## Um rekstur lyfjateknaskóla.

## 15. gr.

Kostnaði við rekstur lyfjateknaskóla skal skipt, sem hér segir:

1. Laun skólastjóra og kennara hins bóklega náms greiðast úr ríkissjóði.
2. Námslaun nema greiðast af hlutaðeigandi lyfjabúð.
3. Kennslubækur og kennsluefni eru á kostnað hlutaðeigandi lyfjabúðar.
4. Kennsluaðstaða við bóknám greiðist úr ríkissjóði.
5. Allur kostnaður vegna prófa greiðist úr ríkissjóði.

## VII. KAFLI

## Starfsréttindi.

## 16. gr.

Nemi sem stenztt próf, hlýtur prófskirteini og starfsheitið lyfjateknir með þeim réttindum og skyldum, er því fylgir lögum samkvæmt.

## 17. gr.

Rétt til að kalla sig lyfjatekna og starfa sem slíkir hér á landi hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi frá Lyfjateknaskóla Íslands, sbr. 12. gr., og hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra. Enn fremur þeir, sem lokið hafa jafngildu prófi erlendis, að mati skólastjórnar, og skal heimilt að sannreyna það með prófi í einni eða fleiri greinum.

## 18. gr.

Lyfjateknir má ekki starfa í lyfjabúð, lyfjaútibúi, lyfjabúri sjúkrahúsa, lyfja-gerð eða lyfjaheildsölu nema undir handleiðslu og á ábyrgð lyfjafræðings, (lyfsala).

Í lyfjaútsölu getur lyfjateknir haft með höndum afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja samkvæmt takmörkuðum lista yfir ákveðnar tegundir lyfja í stöðluðum umbúðum, enda sé slík afgreiðsla einungis gerð eftir fyrirmælum læknis, skriflegum eða munnlegum og á ábyrgð viðkomandi lyfsala.

Þar sem brýna nauðsyn ber til vegna skorts á lyfjafræðingum í strjálbýli má veita lyfjateknum takmörkuð réttindi til lyfjaafgreiðslu í lyfjaútibúum að fengnum meðmælum Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

**19. gr.**

Um viðurlög við brotum í starfi lyfjatekna gilda ákvæði 6. gr. laga nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir svo og lyfsölulaga eftir því sem við á.

**20. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 16. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, og í 2. gr. laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64 16. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Einstaklingar, sem hafa haft aðstoðarstarf við lyfjagerð eða lyfjaafgreiðslu samfleytt s. l. 10 ár eiga rétt til þess að gangast undir lokapróf án undangenginnar skólagöngu. Umsóknir um slíkar undanþágur skal senda stjórn skólans.
2. Skólastjórn er heimilt að stytta námstíma væntanlegra nema, sem þegar hafa lokið verklegu námi í lyfjabúð og námskeiði fyrir starfsfólk í lyfjabúðum. Próf og löggilding slíkra nema, getur orðið árlega frá útgáfu reglugerðar þessarar, þó í síðasta sinn árið 1976.
3. Meðan félag lyfjatekna er ekki stofnað, skipar ráðherra án tilnefningar, fulltrúa til að taka sæti í stjórn skólans fyrstu þrjú árin, eða þar til félagið hefur verið stofnað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

**Fylgiskjal.**

Lyfjateknaskóli Íslands gerir eftirfarandi samning um verklegt nám í lyfjatekni við ..... lyfsala, .....  
fyrir hönd ..... lyfjatekninema  
sem er fædd(ur) ..... nafnr. .... til heimilis  
.....

1. Vinnustundafjöldi í viku hverri skal vera sá, sem hverju sinni er í gildi í samningum Apótekarafélags Íslands og Landsambands íslenskra verzlunarmanna, og sé aðallega unnið á þeim tíma, sem sölubúðir eru opnar. Þó skal nemi starfa á kvöldvöktum og helgidagavöktum í samráði við lyfsala, enda fái hann jafnlangt frí í staðinn á virkum degi og umreiknuðum vinnustundafjölda sem þessu nemur.
2. Nema ber að hlíta sömu reglum um starfs- og umgengnishætti og öðru starfsfólki lyfjabúðar. Honum er skylt að taka þátt í öllum daglegum störfum, sem til falla á vinnustað. Nema ber að vera stundvís og vinna vel og samvirkulega og í samráði við yfirboðara sína. Sýni nemi áberandi óstundvís, vítaverða vanrækslu í starfi eða þrjózku, ber að tilkynna það skólastjóra Lyfjatekna-skóla Íslands, sem áminnir nemandi eða leggur málið undir skólastjórn.
3. Lyfsala ber að tryggja að nemi hljóti tilsögn í þeim greinum, sem um er talað í reglugerð um nám og starfsréttindi lyfjatekna. Þyki nema sem lyfsali eða lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar) sinna ekki þessum skyldum sínum, getur hann lagt málið fyrir skólastjórn Lyfjateknaskóla Íslands, sem áminnir lyfsala eftir því, sem þurfa þykir.

4. Við verklegt nám skal nemi að minnsta kosti starfa sem hér segir:  
Að afgreiðslustörfum 9 mánuði; að glasþvotti, áfyllingum og birgðastörfum 2 mánuði; að afgreiðslu lyfseðla 9 mánuði og lyfjagerð 6 mánuði. Einnig skal neminn taka þátt í færslu fyrirskipaðra bóka eftir því sem við á.
5. Á námstímanum skal neminn færa námsferilsbók, sem viðkomandi lyfsali staðfestir með undirskrift sinni og gildir sem vottorð þess að neminn hafi hlotið tilskilda tilsögn í þeim greinum, sem tilgreindar eru í reglugerð um nám og starfsréttindi.
6. Nema ber að leggja fram læknisvottorð trúnaðarlæknis lyfsala vegna fjarvistar, ef þess er krafist. Nemi skal sækja að minnsta kosti 80% kennslustunda hins bóklega og verklega náms, nema sjúkdómsforföll hamli. Styttri sjúkdómsforföll skal telja með námstíma, þó ekki lengri en 30 daga hvert námsár. Sumarleyfi skulu vera í samræmi við lög um orlof.
7. Laun nema skulu fyrsta árið vera 50% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks í lyfjabúðum, skv. 2. lið 1. gr. samnings Apótekarafélags Íslands við Landsamband íslenzkra verzlunarmanna; annað árið 60% og þriðja árið 75%.
8. Fyrstu sex mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími og getur hvor aðili um sig sagt upp námssamningi með 7 daga fyrirvara.
9. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Samningur þessi gildir frá ..... til .....

Reykjavík 19

F. h. Lyfjatæknaskóla Íslands

.....  
Skólastjóri.

.....  
Nemi.

.....  
Lyfsali.

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld á Suðureyri, Súgandafirði.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Suðureyrarkaup-  
tún. Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

#### 2. gr.

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og haldi við sinni heimæð. Regn-  
vatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn til-  
tekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 5 000.00 í tengigjald.

#### 3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað